

MORGUNBLAÐIÐ.

Stofnandi: Vilh. Pínsen.
 Útgefandi: Fjellag í Reykjavík.
 Ritstjórn: Jón Kjartansson.
 Valtýr Stefánsson.
 Auglýsingastjóri: E. Hafberg.
 Skrifstofa Austurstræti 8.
 Símar: nr. 494 og 500.
 Auglýsingaskrifst. nr. 700.
 Meimasímar: J. KJ. nr. 742.
 V. St. nr. 1220.
 E. Hafb. nr. 770.
 Áskriftagjald innanþegar og í ná-
 grenni kr. 2,00 á mánuði,
 innanlands fjögur kr. 3,50.
 Í lausabölu 10 auro eint.

ERLENDAR FREGNIR.

Khöfn, 30. júní. FB.
 Byltingin í Grikklandi.
 Símað er frá Apenuborg, að byltingin sje um garð gengin. — Nýja herstjórnin hefir tekið við.
 Michelsen, fyrv. forsætisráðherra, Norðmanna, látinn.
 Símað er frá Bergen, að fyrv. stjórnarforseti, Michelsen, hafi látist á mánudagsnótt.

Loftfarið, sem fljúga á yfir pólinn Símað er frá Berlín, að loftskip það, er byggt verður til pólflygsins, verði helmingi stærra en „ZR 3“. Á það að hafa 2000 hestöfl og er 10,500 kubikmetrar. Á ætlað er að það muni kosta 10.000.000 gullmarka. Samþykki Bandamanna þarf til þess að byggja skipið.

Kínversku kommúnistarnir í París. Símað er frá París, að kínversku kommúnistarnir, er rjæðust inn á kínversku sendiráðsskrifstofuna þar í borg, hafi verið gerðir landrækir.

INNLENDAR FRJETTIR.

Seyðisfirði, 29. júní. FB.
 Síldaraffli.
 Fyrsti síldarvottur í reknet var á fyrri viku á Kolmúlagraunni. — Állinn (?) fjekk í gær 60 strokka á Bakkafjarðarflóa. Síldin er nú kr. 80.00 strokkurinn. Síldveiði þessi bætir nokkuð úr beituleysi, er var mikil hindrun fiskiveiðunum. Annars ágætis affli á nýja beitu.

Hroðalegt slys.
 Maður slasaðist nýlega á Hjer- aði á hrylilegan hátt. Stöð hann rjett hjá manni, er kastaði úr mögröf. Stakst kvíslartindur djúpt inn í annað auga hans. Tvísýna er á lífi mannsins.

Færeyingar á Austfjörðum.
 Smyrill, strandvarnaráttur Færeyinga, kom hingað í dag með 80 færeyiska fiskimenn, til Borgarfjarðar, Langaness og Bakkafjarðar (flesta þangað). Flutti einnig 30 strokka af beitusíld hingað.

GENGIÐ.

Rvík í gær.

| | |
|------------------|--------|
| Sterlingspund | 26.25 |
| Danskar krónur | 106.71 |
| Norskar krónur | 94.17 |
| Sænskar krónur | 144.91 |
| Dollar | 5.41 |
| Franskir frankar | 25.02 |

Jóannes Patursson.

Hann er eigi í neinum stjórn- erindum hjer, og vill lítið um þau tala.

Mbl. hitti Jóannes Patursson að máli snöggvast í gærmorgun. — Hann er hjer á svipför, og hverfur heim aftur innan skams, en kona hans Guðný, verður hjer lengur og yngsti sonur þeirra er kominn hingað til skólanáms.

— Jeg vil sem minst um stjórn- málin tala, segir Jóannes Patursson kóngsbóndi, mest vegna þess, að jeg er hjer eigi í neinum stjórn málaerindum. Jeg kem hingað til þess, að hitta ættfólk og kunn- ingja og til að kynnast ögn at- vinnuvegum ykkar, ef tími vinst til; kynnast því, hver rök liggja til þess, að þið flytjið hjeðan vör- ur fyrir 80—90 miljónir á ári o. s. frv.

Við lítum svo á Færeyingar, að við eigum að geta framleitt annað eins afurðamagn að tiltölu við ykkur. Ef þið hafið útflutning fyrir 80 milj. kr., þá eigum við að geta haft 20 milj.

— En hve mikill er útflutningur Færeyinga?

— Þó undarlegt megir virðast, þá veit jeg það ekki, segir Patursson, hagskýrslur okkar eru ekki nógu glöggar til þess, við getum aðeins giskað á það. En sífkar ágískanir eru þekki fram- hærilegar.

— Þjer viljið ekkert fræða okkur um afstöðu flokkanna í Færeyjum eins og nú er. Í fyrri var svo að sjá, sem andstaða flokkanna færi þverrandi. Margt hefir drifið á dagana í Færeyjamálum síðan.

Já, það er svo margt, að um framtíðina verður ekkert sagt. Við Sjálfstæðisflokksmenn höfum ekki komið saman á fund nú um langt skeið. En nú kemur Lögpingsið saman um Ólafsvökuleytið, má þá kannske búast við einhverjum ný- ungum.

— Þjer eruð kunnugur í Nor- egi. Hver er hugur norsku þjóð- arinnar að yðar hyggju, til Færeyinga og Íslendinga.

— Það er skemst af að segja: að Norðmenn vilja að Færeyingar og Íslendingar ráði sjer sjálfir. Þeir bera hlýjan vinarhug til okkar, sem varðveitt höfum eigi lítið af hinni þjóðlegu menningu þeirra og máli. Og á jeg þar við bæði Íslendinga og Færeyinga.

Tíminn er naumur og er samtal- ið fljótt á enda. Patursson er áður en varir sestur í bifreið, sem þýtur með hann upp um veg, til þess hann geti notið sólarýrnar- innar í gær, til að sjá umhverfi höfuðstaðarins.

Borg neðansjárvar.

Snemma í síðastliðnum mánuði var vísindalegur leiðangur breskur að starfa að rannsóknum á hafsbotninum fyrir utan Tunis. Funda þeir þá leifar af gamalli borg, þar á hafsbotni; voru þar götur og leifar af störfeldum húsa byggingum. — Frakkneska stjórnin hefir ákveðið að láta rannsaka nánar þenna merkilega fund. Eigi geta vísindamennirnir ennþá sagt neitt um það frá hvaða tíma þessar leifar eru.

Mentaskólanum sagt upp í gær.

Kl. 1 í gær komu kennarar, stúdentar og nemendur Menta- skólans saman í hátíðasal skólans. Þar voru og mættir all-margir eldri stúdentar er í ár halda stú- dentsafmæli sitt.

Elstur afmælisstúdent var þar sjera Sigurður Gunnarsson. Er hann 55 ára stúdent, útskrifaðist 1870, en næst elstur Franz Siemsen, fyrv. sýslumaður. Útskrifaðist hann úr Latínuskólanum 1875 og er hann því 50 ára stúdent í ár. Hann er á 70. árinu, var innan við tvitugt er hann tók stúdentspróf. Var slíkt fremur fá- títt í þá daga. Annar stúdent frá 1875 er á lífi, Helgi Guðmundsson lækni á Siglufirði.

40 ára stúdentar voru þarna, Árni Björnsson, prófastur í Görðum, Lárus H. Bjarnason, hesta- rjettardómari, Magnús Bjarnarson, prófastur, Pjetur Hjaltastéð, stjórnarráðsritari, Ríkarður Torfa- son, bankaritari, Sigurður Jóns- son, skólastjóri (á Ísafirði), Þórður Jensson, stjórnarráðsritari, sr. Guðlaugur Guðmundsson og sr. Þórður Ólafsson.

En 25 ára stúdentar voru þessir mættir: Jón Ísleifsson verkfr., Lárus Fjeldstéð lögmaður, Páll Sveinsson kennari, Sigurjón Markússon fyrv. sýslumaður, Sveinn Björnsson fyrv. sendiherra o. fl.

Auk þessara sem hjer eru taldir voru allmargir gestir þarna.

Hins vinsæla kennara og ágæta náttúrufræðings, dr. Helga Jóns- sonar, var minst þarna fyrir til- mæli rektors, með því að allir viðstaddir stóðu upp.

Rektor skýrir frá úrslitum prófa.

Í upphafi ræðu sinnar skýrði rektor í stuttu máli frá úrslitum gagnfræðaprófs og inntökuprófs.

Gagnfræðaprófi luku 36 skóla- nemendur. Af þeim fengu 19 I. eink., en 27 fengu svo háa eink. að þeir fá inngöngu í lærdóms- deild. Utanskólanemendur 12, luku og gagnfræðaprófi. Fengu þeir all- ir nægilega háa einkunn til þess að fá inngöngu í lærdómsdeild. Gat rektor þess, að umsóknir um inngöngu í deildina þyrftu að vera komnar til sín fyrir lok ág- mánaðar.

Inntökupróf í 1. bekk.

Óvist hvort skólin getur rúmað alla þá er stöðust prófið.

Inntökuprófi í 1. bekk, lauk 51 nemandi, af 61 sem gengu undir prófið. Rektor gat þess í sam- bandi við inntökuprófið, að óvist væri hvernig hægt yrði að koma þessum nemendafjölda fyrir í skólanum, óvist hvort hægt væri að koma nema einni I. bekkjar- deild fyrir. Færi svo, að hún yrði aðeins ein, þá væri ekki hægt að taka við nema helmingnum af þeim er stöðust prófið. Nánari upplýsingar um þetta mun Mbl. flytja innan skams.

Styrkir og verðlaun.

Þessir nemendur fengu styrki og bókaverðlaun fyrir ástundun, kunnáttu og góða hegðun. Úr styrktarsjóði P. O. Christen- sen lyfsala, fjekk Pjetur Hafstein styrk þann er fjell til útbýtingar

ár. Hann fjekk og verðlauna- bók fyrir almenna ástundun og kunnáttu, og aðra frá Alliance Francaise, fyrir að hafa fengið ágætiseinkunn í frönsku við stú- dentspróf.

En Davíð Þorvaldsson fjekk styrk úr sjóði dr. Jóns Þorkels- sonar. — Þessir fengu verðlauna- þekur:

- Guðmundur Karl Pjetursson.
- Hjálmar Vilhjálmsson.
- Magnús G. Jónsson.
- Jón Vestdal.
- Ólöf D. Árnadóttir og Gunnar Thoróðsson.

Af öllum nemendum, sem undir próf gengu við skólann í vor, fekk Gunnar Thoróðssen hæstu meðal- einkunn 7,32.

Er rektor hafði skýrt frá úr- slitum prófa, afhent prófvottor- si og verðlaunabækur, kvaddi hann brottfarendur með nokkrum hlý- um hvatningarorðum og óskum um bjarta og heillaríka framtíð. Beindi hann síðan orðum sínum til afmælisstúdentanna er þarna voru fleiri en venja er til, og þakkaði þeim rektarsemi og vin- arþel til skólans.

Þá tók næstur til máls, Páll Sveinsson kennari.

Ræða hans var flutt með skör- ungsskap. Beindi hann fyrst orð- um sínum til rektors; þakkaði honum góða kenslu og samvinnu síðar um 12 ár. Lýsti því næst afstöðu sinni til breytingar þeir- ar á fyrirkomulagi skólans, sem gerð var fyrir 21 ári. — Skál eigi farið út í þá sálma hjer.

Veggmynd ein í salnum var hjúpað klæði. Er Páll hafði lokið hinu mesta lofsorði á latínu lær- dóm. 19. aldarinnar, lýsti hann því yfir, að þeir 25 ára stúdent- arnir gæfu skólanum málverk af hinum víðfræga fræðimanni dr. Jóni Þorkelssyni rektor. — Var myndin nú afhjúpað. Er það mál- verk eftir Jón Stefánsson, svip- mikið með hreinum dráttum, eins og hans er von og vísa. (Jón er einn af 25 ára stúdentum í ár.)

Gat Páll þá helstu æfatriða dr. Jóns og flutti síðan latínu- kvæði honum til dýrðar. Ávörp- uðust þeir þvínæst, rektor og hann á latínu, svo þar var ekkert með öðrum svip en Páll vildi vera láta, nema hvað allmargir 20. aldar- menn munu ekki hafa verið sem vissastir um hvað þeim fór á milli.

Þá er þessu var lokið tal- aði hestarjettardómari Lárus H. Bjarnason nokkur orð, óskaði skólanum árs og friðar fyrir hönd 40 ára stúdentanna.

Þvínæst lýsti rektor skólaárið úti. —

Stúdentarnir í máladeild.

Skólanemendur:

- Pjetur Havstein, I. 7.25.
- Davíð Þorvaldsson, I. 6.98.
- Guðm. Karl Pjetursson, I. 6.95.
- Guðmundur Ólafsson, I. 6.55.
- Sæbjörn Magnússon, I. 6.40.
- Þorvaldur Blöndal, I. 6.35.
- Pjetur Benediktsson, I. 6.13.
- Arnþjótur Jónsson, I. 6.11.
- Gunnar Þorsteinsson, I. 6.11.
- Gerður Bjarnhjeðinsson, I. 6.05.
- Kornelius Haralz, II. 5.90.
- Eiríkur Benediktsson, II. 5.86.
- María Hallgrímsdóttir, II. 5.73.
- Ulf Jónsson, II. 5.65.
- Haraldur Sigurðsson, II. 5.64.
- Þorst. Ögm. Stephensen, II. 5.16.



Kemur með Douro um 8. júlí.

HARALDUR JOHANNESSEN

Hversvegna borga fyrir aðra?

Og þó er því þannig varið með þúundir wana án þess þeir viti af því. — Lánsver- al- un hefur altaf tap í för með sjer, og það tap verður að næst inn með aukinni úlag- ingu. — Ein af aðal ástæðun- um fyrir því hvað við seljum ódýrt er það, að við seljum og kaupum allar okkar vörur gegn peningum út í hönd. — Þessvegna ættu allir að kaupa vörur sínar hjá okkur, því við höfum ávalt úr miklu að velja, og verðlag okkar er fyrir löngu þekt um alt land. —

Vöruhúsið

Vinnu- fata- efni

margar teg. nýkomnar.

Útbú Egill Jacobsen. Laugaveg

BJÖRNSBAKARI

Vallarstræti 4. Laugaveg 10

IS

ávalt fyrirleggjandi, Fæst einnig hjá Rósenberg



Simari
 24 verslunin,
 23 Poulson,
 27 Fossberg,
 Klapparstíg 29.

Málning.

Kristján Grímsson, II. 4.90.
 Jón Guðmundsson, III. 4.25.

Utanskóla:

- Einvarður Hallvarðsson, I. 6.78.
- Björn L. Jónsson, I. 6.76.
- Jónatan Hallvarðsson, I. 6.63.
- Steindór Steindórsson, I. 6.58.
- Þorsteinn Stefánsson, I. 6.44.
- Björn Halldórsson, I. 6.18.
- Arngrímur Björnsson, II. 5.90.
- Benedikt Stefánsson, II. 5.60.
- Hákon Guðmundsson, II. 5.30